

153

11. nóv.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálf-sölum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð Sauðárkróks. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um lokun sölubúða á Sauðárkróki, nr. 191 frá 24. nóvember 1942.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

154

11. nóv.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Neskaupstaðar.

I. RAFORKA

Rafveita Neskaupstaðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 auru hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 50 auru á mánuði á hvern m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

154

Um kwst. mæli á 35 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

11. nóv.

C. Vélar.

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 75 aura hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:

| | | | | | | |
|--------|-----|---|---|----|---|---|
| Fyrstu | 50 | þús. kwst. ársnotkun á 35 aura hver kwst. | | | | |
| Næstu | 100 | — — — | — | 30 | — | — |
| Næstu | 100 | — — — | — | 28 | — | — |
| Umfram | 250 | — — — | — | 25 | — | — |

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

D. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Raforka til suðu til veitingahúsa og gistihúsa og annarra slíkra staða má selja eftir gjaldskrárlið B.
2. Raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 75 aura hver kwst.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.
4. Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. 1, nema rafveitustjórn semji sérstaklega um annað í hvert skipti.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

| | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum allt að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 4.00 — — |
| 3. — — mælum 50 til 200 amp. | — 9.00 — — |
| 4. — — — yfir 200 amp. | — 13.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleiðan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðað er við rúmmál húss á þann hátt sem hér segir:

154
11. nóv.

| Rúmmál húss m ³ | | | | Heimtaugargjald jarðstrengs kr. | Rúmmál húss m ³ | | | | Heimtaugargjald jarðstrengs kr. | | |
|-------------------------------|-----|------|----|------------------------------------|-------------------------------|-----|------|-------------|------------------------------------|------|------|
| Frá | 0 | allt | að | 100 | 500 | Frá | 600 | allt | að | 650 | 1325 |
| — | 100 | — | — | 150 | 575 | — | 650 | — | — | 700 | 1400 |
| — | 150 | — | — | 200 | 650 | — | 700 | — | — | 750 | 1475 |
| — | 200 | — | — | 250 | 725 | — | 750 | — | — | 800 | 1550 |
| — | 250 | — | — | 300 | 800 | — | 800 | — | — | 850 | 1625 |
| — | 300 | — | — | 350 | 875 | — | 850 | — | — | 900 | 1700 |
| — | 350 | — | — | 400 | 950 | — | 900 | — | — | 1000 | 1800 |
| — | 400 | — | — | 450 | 1025 | — | 1000 | — | — | 1200 | 2000 |
| — | 450 | — | — | 500 | 1100 | — | 1200 | — | — | 1500 | 2200 |
| — | 500 | — | — | 550 | 1175 | — | 1500 | og þar yfir | | | 2400 |
| — | 550 | — | — | 600 | 1250 | | | | | | |

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Standi sérstaklega á eða óvenjulegir örðugleikar eru við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar lokið er lagningu heimtaugar.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun, kr. 10.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Norðfjarðar, nr. 5 22. janúar 1929, og auglýsing um breyting á þeirri gjaldskrá, nr. 47 22. marz 1948

Atvinnumálaráðuneytið, 11. nóvember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.